

‘Hafði eg það ör hvorri er framar greindi’. Þróun í ritun *Landnámabókar*

Auður Ingvarsdóttir

Það er skoðun mín að Landnámabók sé upphaflega rituð sem sagnarit ætlunin hafi verið að segja frá upphafi lands og þjóðar. Sagnarit hafa snemma borist til landsins og er skemmst að minnast tilvitnunarinna til Beda í upphafi Landnámu (S. 1). Veraldleg sagnarit urðu mönnum hér á landi skjótt handgengin og hafa að sögn fróðra manna verið þýdd snemma á öldum (Jakob Benediktsson 1993 538). Það má einmitt sjá þann skilning á Landnámu að hún hafi verið sagnarit í efirmálanum margfræga í Þórðarbók. Þar virðist efnið eiga að höfða til þeirra *er vita vilia forn fræde eda rekta ætattölur og vita ulia uphaf sinna landzbygda* (Þ. 335). Í þessari grein geri ég tilraun til þess að glíma við lífseigar hugmyndir um efni Landnámu og tilurð. Það er nefnilega svo í Landnámufræðum að menn hafa sammælst um það um langt skeið að frumgerð Landnámu hafi verið stutt og markviss. Landnámabók er þannig talin hafa verið skipuleg skrá um landnám, en síðar í þróuninni verið breytt í sögulegt rit. Menn hafa þá jafnað henni við rit eins og Domesday bók á Englandi sem sannarlega má telja nýtsama skrá.¹ Kjarninn hafi sntúist um jarðir og mörk þeirra (Sveinbjörn Rafnsson 2001, 14). Þetta viðhorf veldur því að frásagnir í Landnámu sem ekki koma heim við ætlað skipulag og innihald eru taldar viðaukar og innskot vegna þess að þeim er ‘alveg ofaukið í landnámssögu Íslands’ (Jón Jóhannesson 1941, 95), eða falla ekki ‘að hefðbundnu Landnámuefni.’ (Sveinbjörn Rafnsson 2001, 168) Menn hafa á síðari árum iðulega talið að Ari fróði og samtímamenn hans frá byrjun 12. aldar hafi verið uppteknir af hagnýtu gildi Landnámu og verið sparir á skinnið. (Einar Gunnar Pétursson 1986 197) Landnáma hafi þannig þróast frá þessari tiltölulegu hagnýtu stuttu skrá um jarðir til þessa sagnabálks sem við þekkjum í dag. Raunar er það svo að hér er um hugsýn fræðimanna að ræða því allar varðveittar gerðir bera merki um sagnaríkan uppruna. Þar er enn fremur að finna fjölmörg atriði sem ekki falla að þessu skipulagi. Þær hafa allar sögulegar frásagnir sem ekki koma landnámssögunni við eða er hægt að telja hefðbundið Landnámuefni. Hér má nefna sem dæmi frásögn af geitareign, drápi skógarbjörns og hefnd, (S.80, H.68, M.20); frásögn af sauðabjófnaði, málaferlum og vígi (S.117, H.89, M.32). Þess háttar frásagnir koma illa heim við þá mynd sem dregin hefur verið upp af Landnámu sem skipulagðri skrá yfir jarðeignir.

Þrjár varðveittar gerðir má rekja til miðalda þ.e. Sturlubók sem sett hefur verið saman af Sturlu Þórðarsyni fyrir 1284; Hauksbók sem sett hefur verið saman 1306-1308, og svo tvö blöð af Melabók frá 15. öld. Yngri gerðir eru svo Skarðsárabók sem Björn Jónsson á Skarðsá setti saman á 17.öld og notaðist við Sturlubók og Hauksbók, og svo hins vegar rit Þórðar Jónssonar sem notaðist við Skarðsárabók og svo hins vegar Melabók.² Í stuttu máli sagt hefur brotunum af Melabók verið hampað sem fulltrúa upprunalegustu gerðar Landnámu og því sem hægt er að grafa upp úr samsteypugerðinni Þórðarbók. Hinar gerðirnar þ.e. Sturlubók og Hauksbók sem byggir á Sturlubók og hinni glötuðu Styrmisbók eru þannig taldar gjörbreyttar og auknar í þeim tilgangi að gera þær

¹ Hugmyndin um að Landnáma sé svipuð Domesday book, kemur frá Collingwood en hann kallaði hana ‘Domesday book of Iceland’ (Collingwood and Stefánsson 1902, 4). Hefur þessa viðhorfs gætt í skrifum ýmissa fræðimanna síðan.

² Sjá nánar um aldur og varðveislu Jakob Benediktsson 1968, 1-1xxii.

að sagnariti. Helsta sýsla fræðimanna hefur því verið að kljást við umbreytinguna miklu og finna henni stað og stund. Jón Jóhannesson taldi á sínum tíma að Sturla Þórðarson hafi endursamið Landnámu í þeim tilgangi að gera úr henni sagnarit. Þannig lýsir hann verklagi Sturlu Þórðarsonar:

Hann fór fyrst og fremst eftir Styrmissbók,³ en studdist jafnframt við mikinn fjölda annarra heimilda, ritaðra og munnlegra, og bræddi frásagnirnar saman eða jók við. En Sturlu var meira í hug en endursemjá Landn. Hann tók sér fyrir hendur að rita samfellda sögu Íslendinga frá upphafi til sinna daga að dæmi Snorra Sturlusonar... (1941, 224).

En hvert var markmið Hauks með sínum viðbótum? Samkvæmt Jóni Helgasyni var það nokkurs konar söfnunarárátta, Haukur vildi safna og halda til haga eins miklu efni og hægt var (1960, xviii).

Sveinbjörn Rafnsson gerir einnig ráð fyrir því að Landnámu hafi verið umbreytt verulega á 13. öld því þá hafi verið 'reynt að gera Landnámu að sagnariti' (2001, 14), Hann taldi að eldri ritari Landnámu hefði umturnað henni á þennan hátt, þar hafi komið til stórfelld áhrif frá einhverri fornni gerð af *Ólafs sögu Tryggvasonar* (1974, 173; 2001, 165). Báðir hafa þeir þá meginhugmynd að leiðarljósi að þróunin hafi verið frá stuttri og afmarkaðri skrá til sagnarits.

Eins og fyrr segir er það langt í frá að varðveittar gerðir Landnámu sé með þessu stuttaralega formi í heild. Hvernig er þá hægt að aðskilja upprunaefnið frá 'síðari tíma viðbótum'? Hvaða mælikvarði er notaður til þess að greina innskotin frá frumefninu? Oftast er það svo að líklegur texti Melabókar er látinn skera úr um upprunaefnið. Frásagnir sem ekki koma heim við Melabók eru úrskurðaðar sem innskot og rökstutt með því að greinilegt sé að efnið hafi ekki verið í Melabók. S.117, og 150. Mörg dæmi má tíma til um þetta:

'Báðar þessar greinar eru í Hb. og hafa því verið í frumrit Stb. Hina fyrri vantar í Mb., sem þar er enn til, og líklegt er, að svo hafi einnig verið um hina síðari. Munu þær því ekki upphaflegar í Landn., heldur viðbót Sturlu.' (Jón Jóhannesson 1941, 39)

Annað dæmi frá Jóni: '114 kap. vantar alveg í Mb., og mun hann því innskot Sturlu' (1941, 104). Þannig er Melabók notuð beint og óbeint sem mælikvarði á það hvernig frumgerð Landnámu hafi verið. Þessi mynd af Landnámu sem stuttri og sagnasnauðri skrá hefur einnig skilað sér í því að menn tala um sérstakan Landnámustíl og sá still jafnvel notaður sem rök fyrir hvaðan frásögnin er upprunin 'enda er það alveg í stíl Landn.' segir Jón Jóhannesson á einum stað (1941, 107). Jón Jóhannesson féllst á hugmyndina um Melabók og reyndi að koma gerðunum í eðlilegt samhengi út frá þessum útgangspunkti. Hann komst að þeirri niðurstöðu að Styrmissbók væri líklegt forrit Melabókar. Nú er auðvitað ekki margt vitað um Styrmissbók. Haukur notaðist að eigin sögn við Sturlubók og Styrmissbók. Það þótti því fyrrum auðvelt að reikna út texta ætíðan frá Styrmi í Landnámu Hauks, þ.e. með því að bera saman hina varðveittu Sturlubók við Hauksbók. Það er einnig hægt að sjá merki um Styrmissbók í ritum eins og Laxdælu og Geirmundarþætti. Ef að það er ekki Styrmissbók er það einkennilegt tilviljun að frásagnir af landnámsmönnum í þessum ritum koma heim við sértexta Hauks og þar er stundum um greinileg rittengsl að ræða. Tengsl þau sem hægt

³ Styrmissbók er ein þekkt Landnámugerð en ekki varðveitt, að áliti Jóns Jóhannessonar var hún X-forrit Sturlu og Melabókar.

er að sjá með sértexta Hauks og ýmsum ritum sem greinilega hafa notast við sams konar heimild og Haukur og Melamaðurinn sömuleiðis benda því eindregið til að forrit Melabókar hafi a.m.k. að hluta verið Styrmissbók (Jón Jóhannesson 1941, 137-141, Jakob Benediktsson 1968, xcvi-xciii). Aftur á móti er enginn vafi á því að Jón metur Melabók of mikils, og þess vegna jafnar hann hinn glötuðu Styrmissbók óhikað við Melabók og segir að hún verði 'að teljast beztu fulltrúi Styrmissbókar, sem nú er völ á' (1941, 174). Þetta viðhorf hans kemur hvað eftir annað fram t.d. 'Melabók var að mestu eftirrit Styrmissbókar...' (1941, 225). Þessi oftrú á Melabók veldur því að í stað þess að telja megnið af texta Hauks runnið frá þeim Landnámu sem hann sjálfur segist hafa byggt á samkvæmt eigin orðum þ.e. Sturlubók og Styrmissbók þá fullyrðir Jón um vinnulag Hauks: 'hefur Haukur víða farið eftir öðrum heimildum en bókum Sturlu og Styrmiss, munnlegum eða rituðum' (1941, 175). Nú er Styrmissbók gjörsamlega glötuð og því verður að telja þetta heldur vafasama fullyrðingu hjá Jóni. Sú aðferð sem hann beitir til þess að komast að því hvenær Haukur hafi bætt við eftir óþekktum heimildum munnlegum eða rituðum er samanburður við Melabókartextann. 'Eðlilegast gæti virzt, að Haukur hefði farið eftir Styrmissbók á þessum stað, en ekki er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því, enda væri þá lítt skiljanlegt, hvers vegna sögunum um fund landsins hefði verið sleppt í Mb.' segir Jón t.d. á einum stað og gerir þannig vöntun í Melabók að nokkurs konar sönnun fyrir upprunum (1941, 177).

Álit Jóns á verklagi Hauks er tilkomið vegna þess að hann metur Melabók of mikils. Sú gerð er í hans huga 'besti fulltrúi Styrmissbókar' og þar af leiðandi er sértexti Hauks metinn eftir því hvort sjá megi merki um hann í Melabók eða ekki. Þessi falska vitneskja um Styrmissbók hefur leitt að sér ýmis konar vandæði.

En hvaða rök færa menn fyrir þessari umbreytingu Landnámu á 13.-öld? Hér skiptir hin sagnarýra Melabók og staða hennar verulegu máli. Fræðimenn hafa flestir verið sammála um það í langan tíma að telja Melabók þá gerð sem standi 'næst upprunalegustu gerð'. Það var Björn M. Ólsen sem setti fram þessa tilgátu seint á 19. öld. Þessi tilgáta hefur haft mikil áhrif á skilning manna á Landnámu, þ.e. hvers konar rit hún sé og hvernig hún hafi þróast. Þó ljóst sé að Melabók sé af sömu rót og hinar gerðirnar þá má sjá þann mun helstan að Melabók hefur hafist austast í Sunnlendingafjórðungi en í hinum gerðunum er Sunnlendingafjórðungurinn klofinn í tvennt þar sem í byrjun er sagt frá fyrsta landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni og frásögnum af fyrsta fundi landsins, og svo haldið áfram vestur, en landnám í síðari hluta fjórðungsins ekki rakið fyrr en undir lok ritsins. Fáein smáatriði benda til þess að efnisuppröðunin hafi verið á þennan veg a.m.k. í forriti Melabókar (Auður Ingvarsdóttir 2004, 94-102). Ein af undirstöðunum undir tilgátu Björns M. Ólsens um Melabók voru rannsóknir hans á tengslum fjölmargra Íslendingasagna við gerðir Landnámu. Niðurstaða hans var einatt á einn veg að Sturlubók og Hauksbók séu með viðbótum úr fjölmörgum sögum eins og *Egils sögu*, *Hænsna-Þóris sögu*, *Gull-Þóris sögu*, *Eyrbyggja sögu*. En sú gerðin Melabók sem hann taldi geyma 'texta hinnar upphaflegu Landnámu Ara' (1929-1939, 28), var að hans áliti laus undan því líkum innskotum. Í Melabók hafði textanum ekki verið spillt með þessu efni eins og hann tók stundum til orða (1920, 229-300). Það voru engin ný tíðindi að sögur væru taldar notaðar í Landnámu, Árni Magnússon talaði t.d. um að hinar og þessar sögur 'citerast í Landnámabók' (Jón Helgason 1980 48). Engum kom til hugar að efast um að Landnámabók hefði verið hugsað sem sagnarit og að *Kristni saga* hafi fylgt ritinu frá

upphafi. Um 1230 hafi Landnáma verið fullbúin með því sniði og innihaldi sem varðveittar gerðir gefi til kynna. Það var mat manna að Landnáma hafi verið sett saman af nokkurs konar ritstjóra sem notað til þessa verks fjölda skriflegra og munnlegra heimilda (Finnur Jónsson 1900, xli-xlii). Hugmyndin um sögurnar sem áreiðanlegar sagnfræðilegar heimildir átti í fjölmörg ár upp á pallborðið hjá fræðimönnum. Landnáma sjálf var talin allra sagna áreiðanlegust. Það þótti ekkert rýra gildi Landnámu að þar hefði verið dregið inn efni úr ýmsum áttum enda töldu menn ótvírætt að ritaðar heimildir væru notaðir í svona yfirgripsmiklu riti.

Björn M. Ólsen fylgdi fyrri tíðar mönnum að málum að í Landnámu væri fjöldinn allur af innskötum úr rituðum sögum. Í augum Björns voru sögurnar sagnarit með litið heimildargildi 'þær eru listaverk, og listamaður hefur haldið á pennanum' (1937-1939 11). Gjörólfkt var viðhorf kollega hans Finns Jónssonar sem gaf út þessa trúarjátningu: 'Jeg fyrir mitt leyti efast ekki fremur nú en jeg hef ætíð gert og haft ástæðu til að gera um, að mestur hluti sagna vorra er sannfræði.' (1919, 192). En svona viðhorf til sagnanna var á undanhaldi í fræðaheiminum í byrjun síðustu aldar. Björn M. Ólsen má hiklaust telja fulltrúa nýrra viðhorfa til sagnanna. Menn tóku að efast um gildi þeirra sem sagnfræðilegra heimilda enda farið var að telja sögurnar til muna yngri en fyrr var talið. Vegna þess hve langt leið frá þeim atburðum sem sagt var frá og til þess að sögurnar væru niður skráðar var auðvelt að dæma þær úr leik sem sagnfræði (Jónas Kristjánsson 1987 238). Björn M. Ólsen fylgdi sem sagt nýja tímanum í afstöðu til sagnanna. En var ekki hætt á að Landnáma yrði metin og léttvæg fundin eins og sögurnar? Í þessu ljósi tel ég líklegt að megi meta leit Björns M. Ólsens að hinum hreina texta Melabókar Hann var að reyna að gera Landnámu að áreiðanlegra heimildariti um fortíðina. Það má kalla þetta tilraun til þess að verjast 'vantrúarmönnum' sem gerðu sig gildandi á síðari hluta 19. aldar (Jónas Kristjánsson 1987, 238). Nýjung Björns var að draga fram eina gerð sem hann taldi lausa við slík ófin innskot. Björn viðurkenndi þó að það gæti verið vandi að meta hvort efnið 'sje frá Ara eða því sje síðar viðbætt...' (1889, 240). Landnáma hélt þannig stöðu sinni sem áreiðanlegt sögurit þó auðvitað teldu menn heimildargildið fara eftir því hvort Landnámutextinn væri upprunninn úr fornri Landnámu 'eða viðbættur Sturlu og Hauks' eins og Jakob Benediktsson kemst að orði löngu síðar (1968, liii). Aðalatriðið er hér að menn tóku til við að greina sérstakar viðbætur og innskot Hauks Erlendssonar og Sturlu Þórðarsonar og jafnvel enn eldri ritara⁴ og meta léttvægar. Þessi skilningur á tilurð Landnámu hefur gengið eins og rauður þráður í skrifum manna um Landnámu.

Fræðimenn hættu að mestu að vandræðast um tilurð Landnámu eftir framlag Jóns Jóhannessonar. Kenningin um þróun frá stuttri gerð til sagnabálksins sem upphaflega má rekja til Bjarnar M. Ólsens varð þannig viðurkennd sem nokkurs konar sagnfræðileg staðreynd. Þetta má sjá í ýmsum ritum þar sem fjallað er um Landnámu t.d. riti Sigurðar Nordals þar talar hann um 'alle de tilføjelser som efterhaanden er indkommet i de forskellige redaktioner' (1953 192) Sveinbjörn Rafnsson telur ljóst að 'ursprunglig Landnámatekt blir lidande när Landnama görs till slagsfält för modstridiga sagareferat som interpolerats i den' (1974,178). Þessi ríkjandi hugmynd um innihald Frumlandnámu hafði þau áhrif að ýmsar kenningar um tilurð og tilgang

⁴ Jón Jóhannesson gerir jafnvel ráð fyrir því að Styrnir hafi 'eflaust bætt ýmsu við hana, t.d. ættartölum' (1941, 223).

með ritun Landnámu voru byggðar á þessari gefni forsendu, ritið hafi verið stutt og skipulögð samantekt um jarðir landsins.

Nú hefur það viðhorf átt vinsældum að fagna í fræðunum um skeið að rittengsl milli fornrita séu orðum aukin. Þá hefur mönnum þótt ótrúleg sú mynd sem dregin er upp af útgefendum Íslenskra fornrita af sagnaritara sem klippir saman verk sitt úr ólíkum ritheimildum (Gisli Sigurðsson 1990, 24). Stundum hefur jafnvel verið hnytt í rittengslafræði og þau talin úr sér gengin og gagnslítill og lítt áhugaverð. Fræðimenn þeir sem löngum hafa verið kenndir við hinn svokallaða 'íslenska skóla' gáfu slíkum tengslum mikinn gaum og sérstaklega voru tengslin við Landnámu mikilvægt viðfangsefni (Einar Ól. Sveinsson 1965 97). Þótt vel sé hægt að taka undir það sjónarmið að stundum hafi af litlu efni verið gert ráð fyrir rittengslum er ekki hægt að efast um nán textatengsl Landnámu við fjölmargar sögur. Nú fjalla útgefendur íslenskra fornrita iðulega um þetta efni og tala oft um að heimild um landnám hafi verið notuð í sögunum. Einar Ólafur Sveinsson segir til dæmis um þvílíkt efni í Laxdælu þar hafi verið notast við 'heimild um landnám og ættir' (E.Ó.S.1933, xxxix). Erfitt getur þá verið að meta hvenær sagnaritarinn hafi notast forna Landnámu og hvenær einhver ritari Landnámu notaðist við fornsögu.

Þrátt fyrir eindreginn vilja manna til þess að draga upp mynd af Landnámu sem hagnýtri og sagnasnauðri skrá hafa þeir ekki getað afneitað sögulegum frásögnum sem upprunalegum því þær er að finna í öllum gerðunum. Margar frásagnir í Landnámu koma ekki beinlínis landnámsmönnum við heldur er um að ræða frásagnir af afkomendum þeirra. Í sumum tilvikum er um all langa frásögn að ræða og er jafnvel stundum talað um þætti. Nefna má sem dæmi frásögn af Snæbirni galta (S.151/H.122), en hann var sonarsonur landnámsmanns. Samkvæmt skilningi margra fræðimanna er þessi frásögn of löng til þess að geta verið upprunaleg í Landnámu, Jakob Benediktsson túlkar þetta viðhorf ágætlega: 'er sýnilega útdráttur Sturlu úr glataðri sögu eða þætti, munnlegri eða ritaðri' (1968, 191nm). Hér er ósjálfrátt miðað við frásagnir í Melabókargerðinni sem iðulega hefur bara nokkrar setningar um sögulegar viðburði. Frásagnir sem eru lengri en nokkrar línur geta ekki verið upprunalegar samkvæmt ríkjandi viðhorfi fræðimanna, heldur viðaukar hinna ýmsu ritara Landnámu. Þessi hugmynd um stutta Frumlandnámu kemur fram víða, Jón Jóhannesson talar til dæmis á einum stað um að einn kafli Landnámu sé 'mjög stuttur og alveg í Landnámustíli' (1941, 40).

Í raun og veru hefur Melabók verið ofmetin. Lítilsháttar munur á efnisröðun var sá grunnur sem Björn M. Ólsen byggði hugmynd sína á. Eftir það lék hann það að bera saman gerðirnar með það í huga að finna eldri og réttari texta, og hann var fundinn með tilliti til textabrotanna úr Melabók. Það þarf vart að taka það fram að Melabók verður ekkert upprunalegri við það að vera öðru vísi á einhvern hátt en Sturlubók og Hauksbók. Fullvissa Björns M. Ólsens um Melabók skilaði sér til sporgöngumanna hans. Jón Jóhannesson bar saman gerðirnar af kostgæfni með það leiðarljós að Melabók væri upprunalegasta gerðin. Tilgátan um sögugerð Landnámabókar er því engan veginn sönnuð með því að benda á Melabók.

Það er fullt eins hægt að snúa dæminu við og spyrja um tilgang Melamannsins með sinni gerð. Tvær varðveittar söguríkar Landnámabækur frá miðöldum gefa vísbendingu í þá átt að þannig hafi upphaflegt form verið. Annað forrit Hauks, hina glataða Styrmissbók hefur að líkindum verið með svipuðu formi. Ennfremur eru

vísendingar í texta ættuðum úr Melabók sem gefa til kynna að forrit Melamannsins hafi einmitt verið frásagnarríkt og með svipuðu móti og hinar tvær svokölluðu 'sögugerðu' Landnámabækur Sturlubók og Hauksbók. Eftirmáli sem rekja má til Melabókar sem gefur mikilsverðar upplýsingar um efni Landnámu:

Það er margra manna mál að það sie uskilldur frodleikur að rita landnam. Enn uier þikunst heildur suara kunna utlendum monnum. þa er þeir bregða oz þui, að uier sieum komner af þrælum eda iilmennum, ef vier vitum vjst vorar kynferdir sannar. Suo og þeim monnum er vita vilia forn fræde eda rekia ættartolur, að taka helidur ad uphafi til enn höggust i mitt mal. enda eru suo allar vitrar þioder ad vita ulia uphaf sinna landzbygda (þ.335).

Hér er dregin upp mynd af Landnámu sem sýnist eindregið benda til þess að um sagnarit hafi verið að ræða. Þar kemur fyrir ritklif og málskrúð sem algengt var í sagnaritum miðalda eins og um nauðsyn þess að svara illmæligi erlendra þjóða og um mikilvæga þekkingu allra viturra þjóða. Þar er talað um forn fræði að rekja ættartölur og upphaf landsbyggðar. Þessi lýsing kemur illa heim við þá lýsingu að Melabók hafi 'hvorki verið hugsuð né gerð sem sagnarit' (Sveinbjörn Rafnsson 2001,14) eins og haldið hefur verið fram um skeið. Eftirmáli ber greinilegan keim af útlistun sem kemur fram hjá þekktum sagnaritum miðalda eins og Saxo og Theodricus (Sverrir Tómasson 1988, 103-104). Það er greinilegt að höfundur eftirmálans hefur talið sig vera að rita sagnarit sem fjallaði um upphaf landsbyggða, ættartölur og forn fræði ýmis konar. Að mörgu leyti kemur þessi lýsing betur heim við efni hinna gerðanna tveggja Sturlubókar og Hauksbókar. Það hefur því borið við að efast hafi verið upp að þessi eftirmáli eigi upptök í Melabók heldur sé hann innskot frá síðari tíma. Hann kemur nefnilega ekki heim við þá mynd sem dregin hefur verið upp af þeirri gerð sem 'ósögulegri' (Guðrún Ása Grímsdóttir 1991, 50). Eftirmálinn hefur þó líklega verið í Landnámuforriti Melabókar (Auður Ingvarsdóttir 2004, 111-112nm.) og bendir til þess að sú gerð hafi verið með svipuðu lagi og Sturlubók og Hauksbók, þ.e. með fjölbreytilegum fróðleik, sagnarit fremur en skrá.

Heimildaskrá

- Auður Ingvarsdóttir 'Sagnarit eða skrá? Staða Melabókar sem upprunalegustu gerðar Landnámu', *Saga* XLII:1 (2004).
- Björn M. Ólsen, 'Ari Þorgilsson hinn fróði', *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags* 10 (1889).
- Björn M. Ólsen, 'Om Are frode', *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* (1893), 207-352.
- Björn M. Ólsen, 'Landnámás oprindelige disposition', *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* (1920).
- Björn M. Ólsen, *Um Íslendingasögur. Kaflar úr háskólafrirlesturum*. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta VI, 3 (Reykjavík, 1929-1939).
- W.G. Collingwood og Jón Stefánsson, *The Life and Death of Cormac the Skald*. Ülverston reprint, 1991.⁵

- Einar Gunnar Pétursson, 'Efling kirkjuvaldsins og ritun Landnámu', *Skírnir* 16 (1986).
- Einar Ól. Sveinsson, 'Formáli', *Laxdæla saga. Halldórs þættir Snorrasonar. Stífs þáttir*. Íslenzk fornrit (Reykjavík 1934).
- Einar Ól. Sveinsson, *Ritunartími Íslendingasagna. Rök og rannsóknaraðferðir* (Reykjavík, 1965).
- Finnur Jónsson, 'Inledning', *Landnámabók I–III. Hauksbók. Sturlubók. Melabók*, (Kaupmannahöfn, 1900).
- Finnur Jónsson, 'Sannfræði íslenzkra fornsagna', *Skírnir* (1919).
- Gísli Sigurðsson, 'Munnmenntir og fornsögur', *Skáldskaparmál* 1 (1990).
- Guðrún Ása Grímsdóttir, 'Fornar menntir í Hítardal: eilítið um íslenska tignarmenn og ættartölurit á 17. öld', *Ný Saga* 7 (1995).
- Jakob Benediktsson, 'Formáli', *Íslendingabók. Landnámabók*. Íslenzk fornrit I. Jakob Benediktsson gaf út (Reykjavík, 1968).
- Jakob Benediktsson, 'Markmið Landnámabókar. Nýjar rannsóknir', *Skírnir* 148 (1974).
- Jakob Benediktsson, 'Rómverja saga', í *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia* NewYork/London, 1993.
- Jón Helgason, 'Introduction', *Hauksbók. The Arna-Magnæan Manuscripts 371, 4to, 544, 4to, and 675, 4to* (Ed. Jón Helgason), *Manuscripta Islandica*, Kaupmannahöfn, 1960, v-xxxviii.
- Jón Helgason, 'Athuganir Árna Magnússonar um fornsögur', *Gripla* 4 (1980).
- Jón Jóhannesson, *Gerðir Landnámabókar* (Reykjavík, 1941).
- Jónas Kristjánsson 'Sannfræði fornsagnanna', *Skírnir* 161 (1987).
- M=Melabók = *Landnámabók I–III. Hauksbók. Sturlubók. Melabók*. Udgiven af Det kongelige nordiske oldskrift selskab [Finnur Jónsson] (Kaupmannahöfn, 1900).
- S=Sturlubók= *Landnámabók I–III. Hauksbók. Sturlubók. Melabók*. Udgiven af Det kongelige nordiske oldskrift selskab [Finnur Jónsson] (Kaupmannahöfn, 1900).
- Sigurður Nordal, 'Sagalitteraturen', í *Litteraturhistoire B. Norge og Island*. Nordisk Kultur VIII:B. Udgivet af Sigurður Nordal. (Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmur 1953).
- Sk=Skarðsárabók. *Landnámabók Björns Jónssonar á Skarðsá*. Jakob Benediktsson gaf út (Reykjavík, 1958).
- Sveinbjörn Rafnsson, *Studier i Landnámabók: kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia* (Lundi, 1974).
- Sveinbjörn Rafnsson, *Sögugerð Landnámabókar. Um íslenska sagnaritun á 12. og 13. öld*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 35 (Reykjavík, 2001).
- Sverrir Tómasson, *Formálar íslenzkra sagnaritara á miðöldum. Rannsókn bókmennatahefðar* (Reykjavík 1988).
- Íslendingabók. Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Íslenzk fornrit I. (Reykjavík, 1968.)
- Þ=Þórðarbók=Landnámabók. Melabók AM 106. 112 fol [svokölluð Þórðarbók]. Udgiven af Kommissionen for det Arnemagnæanske Legat [Finnur Jónsson] (Kaupmannahöfn, 1921).